


„FYRIR 6-7 ÁRUM HEFÐUM VIÐ BARIÐ ÞÁ”

— segir Bubbi Morthens um íslenska blaðamenn



eftir Þröst Haraldsson

Það er eins og maður kannist við atburðarásina. Íslensk popphljómsveit fer utan og blóðin eru búin að gera hana heimsfræga fyrirfram. Að minnsta kosti er enginn vafi á því að Norðurlöndin falli eins og flugur. Svo líður tíminn. Fréttir berast um að þeim heimsfrægu líti bærilega, þeir hafi að vísu lítið að éta og ekkert alltof mikið að gera, en enginn verður óbarinn biskup og frægðin er alltaf rétt hinu megin við hornið.

Svo kemur reidarslagið, hljóm-sveitin kemur heim, öllum að óvörum og langt fyrir tímann. Og heimurinn saknar hennar ekki vitundarögn. Change, Trúbrot, Náttúra og nú Utangarðsmenn. Þegar heim kemur fara gróurnar á kreik. Þeir slógust víst eins og hundar. Bubbi var að kaffæra allt í sínum egóisma, uppgjör, sundrung.

Sögurnar verða svo magnabær að gróurnar fara að trúá þeim sjálfar. Hvað, eruð ekki hættir? — Nei, við erum ekki hættir, segir Bubbi Morthens þegar ég rif hann upp úr bælinu um miðjan sunnudag. Hann er dulitíð timbraður og nýstíginn upp úr einhverjum vírus. En kokhreystin er á sínum stað. „He's a survivor”, eins og Kramer. Hann er hins vegar lítið hrifinn af íslenskum blaðamönnum.

— Það er verið að búa til nasty mórál í kringum okkur, svona alþjóðlegan sluburdálmórál. Því eitthvað verður fólk að tala um. En hefði þetta gerst fyrir svona 6-7 árum hefðum við heimsótt þessa menn og barið þá.

— En hvað með egóisma?

— Það er mikið gert úr því hvað ég er mikill egóisti. Og auðvitað er ég það að vissu leyti, það er nauðsynlegt ef maður ætlar að hafa það af í þessum bransa. Öll bönd byggjast á egóí, þau eru bara misjafnlega mörg. Og staðreyndin er sú að Utangarðsmenn hefðu ekki lifað lengi ef við Mikki hefðum ekki haldið aftur af okkar egóí.

Svipað og á sjónum

Og nú er meiningin að taka upp þráðinn að nýja, æfa þau nýtt þrogram og hella sér svo út í spilamennskuna. En áður en við gefum okkur forvitnast um á gang ferðarinnar.

— Hún var æðislega töff. Það er erfitt fyrir 9 menn að búa saman í rútu. Eftir mánuð vorum við farnir að rifast um ómerkilegustu smáatriði. Þetta var svipað og á sjónum. Stundum vorum við matarlausir í 3-4 daga því spilatarnir nægðu ekki til að halda okkur uppi. Við höfðum steypt okkur í stórskuldir vegna tækjakaupa hér heima og þær héldu áfram að hlaða utan á sig. Þess vegna urðum við að koma heim.

En við lærðum heimikið á þessu. Ef svona ferð verður farin aftur mun dæmið ganga upp. Ekki endilega þannig að við sláum í gegn, en skipulagningin verður betri. Plönin hjá okkur voru svo sem ekkert slæm þegar við lögðum af stað. En smám saman fóru þau að gliðna í sundur, það kom ymislegt upp á sem gerði strik í reikning okkar og þeirra sem stóðu í reddingum fyrir okkur úti.

meðvitað. Þetta er mest töffarskapur á borð við: „Djöfull ertu í grúví leburjakka”. Sumir þessara pönkara munu líka enda sem ráðherrar og tannlæknar. Svo finnst mér fólk skiptast um of í hópa: diskólíð, pönkara, intell-ektúala. Ég á mér þann draum að þessi uppskipting hverfi, því meðan alið er á henni mun engin hug-arsbreyting eiga sér stað. Það sem veldur þessu er samkeppnis-mórallinn sem fólk kemur með úr

þetta einn, tók egóíð enn einu sinni völdin?

— Ástæðan fyrir þessari plötu er fyrst og fremst sú að ég er að gera þarna dálítið aðra hluti en Utangarðsmenn, ég er öllu pólitískari í textum. Á plötunni er ég að gera ýmsa hluti sem eru mér ofarlega í huga. En aðallega er þetta þörf. Ég sem svo mikið. Stundum kemst ég í ham og sem 5-6 texta á dag, þó oft komi ekki út úr því nema einn punktur sem

þeim yrði útrýmt. Saga þeirra er svo sterk og merkileg og þeirra þrengingar eru margfalt meiri en við máttum nokkurn tíma þola. En við Íslendingar erum svo hræddir við að mögða stóra broður að við horfum þegjandi upp á Dani og Ameríkana hirða arðinn af þessari ríku þjóð og gefa henni brennivín og syfilis í staðinn.

Ég er líka alveg klár á því að ein ástæðan fyrir þessu tómlæti er hreinn og beinn rasismi. Sjáðu þessa bók sem ég rakst á um daginn: Milli Grænlands köldu kletta eftir einhvern Jóhann Briem. Hún er gefin út 1962 og þar hugar höfundur ekki við að kalla þessa þjóð skrælingja. Má ég þá frekar biðja um gamla jálka á borð við Peter Freuchen sem allir keppast um að vefengja. Hann sýnir þeim þó virðingu sem þjóð. En við köllum þá skrælingja af því þeir eru hreinni og ómengaðri en við, standa nær náttúrunni.

80% rasista


En fyrst menntamennirnir skrifa svona er engin furða þótt almennur dragi á dag af því. Ég skal segja þér að ég hef íbúlega leikið mér að því að gera mér upp rasisma til að tékka á viðbrögðunum. Ég hef stundað þetta í mörg ár á vinnustöðum jafnt sem skemmtistöðum. Min niðurstaða er sú að 80 prósent fólks tekur undir rasismann, þú veist, „sendum þá aftur upp í tré” og þess háttar.

Það ríkir hér líka ofboðsleg þjóðernisremba, Ísland er besta land í heimi. Sennilega er þetta einhver þjóðarkomplex, einhver minnimáttarkennd. Það sést ma. á því að hér er alltaf verið að búa eitthvað til eftir erlendri fyrirmynd, bara í smækkaðri mynd.

En eins og ég sagði áðan þá skammaðist ég mín fyrir að vera Íslendingur þegar ég sá eyndina hjá Grænlandingunum í Danmörku. Og ég ávitaði sjálfan mig fyrir að hafa ekkert gert fyrir. Þetta eru jú grannar okkar, ég hef veitt fisk við strendur þeirra. En hvað höfum við gert fyrir þá? Við látum sem við sjáum ekki þegar þeir eru að vakna til vitundar. Og í þessu eru allir þessad. Ég man td. ekki til þess að Alþýðubandalagið hafi skipt sér neitt af þeirra málum. Það eru bara örfáir ma. á borð við Ása í Bæ og Arna Johnsen — já, hann á hrós skilið — sem eitthvað hafa sinnt þeirra málum.

En það er kannski til of mikils mælt að við veitum þeim stuðning þegar við rifumst vikum saman yfir súrri mjólk. —

Þegar hér var komið sögu lagði ég pennann til hliðar og Bubbi fór að segja mér gamlar og nýjar slagsmálasögur, þó ekki af Magnúsi trommuleikara. En eins og það heitir á mínu máli: það var utan dagskrár.



Utangarðsmenn á æfingu í vikunni. — og alls ekki hættir.

Pönkið og tiskan

Áður en Utangarðsmenn fóru utan í byrjun maí átti ég stutt spjall við Bubba. Þá var hann þreyttur og ruglaður, enda hafði álagið verið gífurlegt, ekki stopað í heilt ár. Afköstin á þessu eina ári voru líka ótrúleg: Utangarðsmenn höfðu troðið upp að meðaltali annan hvern dag auk þess að æfa og taka upp 30-40 lög á plötur.

Nú var annað uppi á teningnum, tómið hafði gefist til að hvíla sig og hugsa nokkra leiðir í tímann. Þess vegna fannst mér ekki úr vegi að biðja Bubba að segja álit sitt á þeirri miklu grósku sem verið hefur í íslensku popptónlist undanfarna mánuði. Og hvern er eðlilegra að spyrja um slíkt?

— Mér líst vel á það sem er að gerast. Auðvitað er alls konar rusl inn á milli, en það vinsast úr. Þeir sem búa yfir einhverjum krafti komast áfram. En ég er ekki ánægður með hvað tiskan er komin mikið inn í pönkið. Ég er svekktur yfir því hvað fólk er lítið

skólunum. Ég veit ekki, kannski verður þetta svona þangað til kúlan hverfur.

Einn ljós punktur er þó í þessu. Hótel Borg nær að sameina fólk að vissu leyti, þar kemur alls konar fólk. Í gær sá ég þar td. heilt Hollywoodgengi sem flaði sig bara vel. Það fannst mér þrælgott.

Sólóplatan

Els og fram hefur komið er Bubbi í þann veginn að gefa út sólóplötu og sömu sögu er að segja um þá Pollock-bræður. Þessi einkaframtök hafa valdið miklum bollaleggingum um væntanlega upplausn Utangarðsmanna og eiga kannski stærstan þátt í gróusögunum.

En það er nú svo með þessa sólóplötu Bubba, að honum til aðstoðar eru allir Utangarðsmenn nema einn og þeir leika engin statishlutverk. Til dæmis eiga þeir Magnús og Rúnar stóran þátt í útsetningum ásamt Bubba og Tómasi Tómassyni. Þannig á samstarfið virðist enn vera í lagi. En af hverju er Bubbi að baksa

eitthvað verður úr. Ég sem líka mikið af lögum við texta annarra og texta við annarra lög. Ég á heilan haug af slíku efni. Á plötunni eru ma. lög við ljóð eftir Þórarín Eldjarn og ljóð þýtt af Magnúsi Asgeirssyni.

Má ég þá biðja um Peter Freuchen

En það sem ég hef mestan áhuga á að gera þessa stundina, er að semja um Grænland og Grænlandinga, kúgun Dana á þeim og vaknandi vitund þeirra sjálfra. Mér sakt að segja blöskraði að sjá hvernig þeir eru á sig komnir úti í Danmörku. Til dæmis í Kristjaníu. Þeir voru ekki á venjulegu fylleri, það var svo mikil örvaeting í öllu sem þeir gerðu, hvort sem þeir voru að sturta í sig bjór eða með buxurnar á hælunum að sprauta sig inn á klósetti.

Þegar ég sá þetta skammaðist ég mín í fyrsta skipti fyrir að vera Íslendingur. Þeir eru þó okkar nánustu grannar, en við mundum tæplega hreyfa litlafingur þótt